

FRÁSÖGN

*af fjarfundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með forsætisnefnd
Norðurlandaráðs 12. mars 2020.*

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fundaði með forsætisnefnd Norðurlandaráðs í gegnum fjarfundarbúnað. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Guðjón S. Brjánsson, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn frá Vestnorræna ráðinu voru Henrik Old, formaður landsdeildar Færeyja, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Steen Løgstrup Nielsen, starfsmaður ráðsins, Rannvá Sólheim, ritari færeysku landsdeildarinnar, og Arnaruluk Lundblad og Elly Hauge Pedersen, starfsmenn grænlesku landsdeildarinnar. Fyrir hönd Norðurlandaráðs tóku þátt Gunilla Carlsson, þingkona frá Svíþjóð, Kristina Háfoss, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, og Johan Tiedemann, starfsmaður Norðurlandaráðs.

Kristina Háfoss, nýráðinn framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, kynnti sig stuttlega en hún sat áður í Vestnorræna ráðinu fyrir hönd færeyska þingsins. Hún er menntuð í hagfræði og lögfræði og hefur tvisvar gegnt stöðu ráðherra í Færeyjum. Hún sagðist hlakka til að vinna að framgangi hugsjóna þingmannanna í Norðurlandaráði og sagði tækifæri til að endurskoða 15 ára gamlan samstarfssamning Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins. Guðjón S. Brjánsson óskaði Kristínu til hamingju með stöðuna og sagði Vestnorræna ráðið stolt af því að leggja Norðurlandaráði til sterkan starfsmann þrátt fyrir að hennar yrði saknað í Vestnorræna ráðinu.

Fundarmenn ræddu stöðuna hvað varðar útbreiðslu COVID-19 á Norðurlöndum. Gunilla Carlsson sagði Norðurlöndin hafa farið ólíkar leiðir í baráttunni við faraldurinn. Viðbrögð stjórnvalda við faraldrinum hefðu haft í för með sér miklar áskoranir, sérstaklega fyrir tugþúsundir einstaklinga sem byggju og ynnu þvert á landamæri. Þingmenn Norðurlandaráðs reyndu nú að beina sjónum ríkisstjórnanna að þessu vandamáli. Henrik Old sagði stöðuna varðandi útbreiðslu COVID-19 í vestnorrænu löndunum vissulega hafa verið nokkuð betri en almennt á Norðurlöndum. Síðustu mánuði hefði verið mjög lítið um smit, sérstaklega væru Grænland og Færeyjar svo gott sem laus við veiruna. Hins vegar vissi fólk að það þyrfti ekki nema eitt tilfelli til að smit breiddist út aftur og því héldu löndin ströngum ferðatakmörkunum og sóttvarnarráðstöfunum. Í þessum löndum væri sama bólusetningarferli og annars staðar á Norðurlöndum og í forgangi væri fólk í áhættuhópum og í framvarðarsveit heilbrigðisþjónustu. Vonast væri til þess að lífið gengi aftur sinn vanagang í sumar í kjölfar bólusetninga.

Gunilla Carlsson sagði mikla möguleika á að auka samstarfið milli Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins, sérstaklega hvað varðar norðurslóðamál og loftslagsmál. Hún lýsti ánægju sinni með áherslu Vestnorræna ráðsins á málefni ungs fólks. Henrik Old lýsti ánægju með þátttöku fulltrúa Norðurlandaráðs í þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins og ársfundi ársins 2020 og bauð Norðurlandaráði að senda fulltrúa sinn á fundi Vestnorræna ráðsins á yfirstandandi starfsári. Sigurður Ólafsson sagði stuttlega frá samræðum milli skrifstofa Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs um samstarfssamning ráðanna frá árinu 2006. Hann sagði samninginn góðan að mörgu leyti og bjóða upp á ýmsa ónýtta möguleika til samstarfs. Ákveðið var að fela skrifstofunum að koma með tillögur að auknu samstarfi ráðanna síðar á árinu.

Þá var rætt um hvort stefna ætti að sameiginlegri ráðstefnu á vegum Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs. Það yrði þá í fjórða skipti sem slík ráðstefna yrði haldin. Ýmsar hugmyndir að umræðuefnum voru ræddar, t.d. loftslagsmál og tungumál á Norðurlöndunum. Guðjón S. Brjánsson sagði tungumálið grundvallarþátt þjóðarsálarinnar. Skandinavísk tungumál ættu það sameiginlegt að vera smá málsamfélög og undir miklum áhrifum frá ensku. Þróun máltækni gæti aðstoðað löndin við að standa vörð um tungumálin.

Guðjón S. Brjánsson svaraði spurningum fundarmanna um jarðhræringarnar á Reykjanesskaga. Hann sagði skjálftahrinuna vera óvenjulega sterka og að búist væri við því að eldgos fylgdi í kjölfarið en vonast væri til þess að það hefði lítil áhrif í byggð eða á samgöngur.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins hélt stuttan undirbúningsfund vegna fjarfundarins með Norðurlandaráði. Á þeim fundi samþykkti forsætisnefnd að beina sjónum Vestnorræna ráðsins að loftslagsbreytingum og grænum umskiptum í starfi ráðsins starfsárið 2021–2022.

Næsti fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með forsætisnefnd Norðurlandaráðs er áætlaður samhliða Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn í lok október 2021. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.